



Ársskýrsla 2018



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI



AKUREYRI 2019

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Starfsemi.....	3
Fundir og fræðsla.....	4
Sýningar.....	5
Verkefni.....	6
Rekstraryfirlit 2018.....	7
Afhendingar 2018 - yfirlit.....	7

Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri var formlega stofnað 1. júlí 1969. Safnið starfar skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn frá 1994, þar til reglugerð á grundvelli laganna frá 2014 verður sett. Safnið starfar einnig skv. samþykkt um Héraðsskjalasafnið á Akureyri frá 2012.

Hlutverk safnsins er m.a.

- Að taka við og innheimta skjöl og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum.
- Leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist.
- Varðveita skjöl og önnur gögn safnsins.
- Hafa til reiðu skjöl, ásamt skráum og upplýsingum um þau og veita aðgengi að þeim í samræmi við lög.
- Skapa aðstöðu fyrir notendur, leiðbeina um notkun skjala í vörslu safnsins og greiða fyrir rannsóknnum á þeim eins og kostur er.
- Leiðbeina og hafa eftirlit með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og reglum sem lúta að skjalavörslu.
- Gangast fyrir rannsóknnum sem tengjast safnkosti eftir því sem fjárheimildir leyfa á hverjum tíma.
- Vinna að því að gera skjöl aðgengileg almenningsi, s.s. á vef safnsins eða með öðrum hætti, og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar eða byggðarlagsins á grundvelli skjala í vörslu þess.

Starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nær yfir fimm sveitarfélög við Eyjafjörð, frá Hörgársveit vestan fjarðar til og með Grýtubakkahreppi austan Eyjafjarðar. Sveitarfélögin eru Akureyri ásamt Grímsey og Hrísey, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Íbúar á svæðinu voru 21.421 þann 1. desember 2018.


Safnið er opið öllum sem á þjónustu eða upplýsingum þurfa að halda, hvort sem það er í þágu vinnu, verkefna eða áhugamála. Safnið er opið virka daga 10.00 – 16.00.

Á árinu 2018 lét Aðalbjörg Sigmarsdóttir af störfum sem héraðsskjalavörður en hún hafði gegnt því starfi frá 1984. Lára Ágústa Ólafsdóttir tók við starfi héraðsskjalavardar 1. október og Kristín María Hreinsdóttir hóf störf sem skjalavörður í október.

Starfsemi

Árið 2018 komu 689 gestir á Héraðsskjalasafnið en það var heldur færra en árið þar á undan. Meðal gestanna voru hópar skólabarna frá grunnskólum á Akureyri og frá Starfsendurhæfingu Norðurlands, sem komu í heimsókn og fengu stutta kynningu á safninu. Hlutföll karla og kvenna voru svipuð og verið hefur undanfarin ár en 72% gestanna voru karlar og 28% konur.

Lán á skjölum úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal voru 2246 skjalanúmer en það var 26% lækkun frá árinu 2017. Munar þar mestu um að síðla árs 2017 var lokið við að skrifa sögu Einingar-löju og á árinu 2018 var ekki unnið að sambærilegum rannsóknarverkefnum, sem byggja á skjölum safnsins. Auk útlána til gesta eru skjöl notuð við afgreiðslu og svörun fyrirspurna en þau not skjalanna eru ekki reiknuð með í útlánstölum.



Á síðustu átta árum hafa 615,6 hillumetrar bæst við skjöl safnsins, í 828 afhendingum. Nokkuð er misjafnt hve mikið kemur á hverju ári en á árinu 2018 voru afhendingarnar 84 og hillumetrarnir 122. Af þessum 122 hillumetrum voru rétt rúmlega helmingurinn, eða 65 þeirra, fullfrágengin skjöl. Í því fellst að skjölin eru skráð og eru í viðeigandi umbúðum og geta nánast farið beint í geymslur. Er það er stórt skref til batnaðar. Afhendingarnar skiptust þannig að 63 voru frá einkaaðilum og 21 frá opinberum og þar með skilaskyldum aðilum.

Fundir og fræðsla

Héraðsskjalavörður sótti vorkund opinberra skjalasafna, sem haldinn var í Reykjavík 12. og 13. apríl. Meðal þess sem fjallað var um á fundinum var rekstrarstyrkur til héraðsskjalasafna, rafræn langtímavarsla skjala, ráðgjöf til skjalamyndara, frágangur pappírsskjalasafna og miðlunarverkefni héraðsskjalasafna.

Héraðsskjalavörður sótti einnig 25. norrænu skjaladagana, sem haldnir voru í Reykjavík í maí. Meðal þess sem tekið var fyrir á þinginu má nefna rafræna skjalavörslu, notendabjónustu, einkaskjalasöfn, aðfangastefnu, varðveislu og grisjun, miðlun efnis og hlutverk skjalasafna í samfélaginu en þessi efni endurspeglar þarfa umræðu um hlutverk og starfsemi opinberra skjalasafna.



Starfsmaður hjá Historic Environment Scotland veitir starfsfólki héraðsskjalasafna innsýn í forvörslu og viðgerðir á kortum.

Í september fór skjalavörður, ásamt fleira fólki frá héraðsskjalasöfnum, í kynnisferð til Edinborgar. Heimsótt voru annars vegar National Archives of Scotland og Historic Environment Scotland hins vegar en báðar þessar stofnanir varðveita mikið af skjölum og menningarverðmætum Skota.




Á fundinum á Sauðárkróki var Aðalbjörg Sigmarsdóttir kjörin heiðurfélagi Félags héraðsskjalavörðna. Með henni á myndinni er Snorri G. Sigurðsson héraðsskjalavörður Þingeyinga.

Ráðstefna og fræðslufundur Félags héraðsskjalavörðna var haldinn á Sauðárkróki í október og tóku skjalaverðir þátt í henni. Að þessu sinni var fjallað um ljósmyndir og varðveislur þeirra, nýju persónuverndarlögin, heimildir skjalasafna til gjaldtöku, vinnuumhverfi skjalavörðna og réttindi og skyldur héraðsskjalasafna. Í lok fundar fjallaði Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur um opinber skjalasöfn frá sjónarhóli fræðimanns.

Sýningar

Norræni skjaladagurinn 2018 var haldinn annan laugardag í nóvember og bar að þessu sinni yfirskriftina 2018 – Litbrigði lífsins. Héraðsskjalasafnið lagði til efni á sameiginlegan vef skjaladagsins en þar var lagt út frá dagbókum sem haldnar voru árið 1918 og tilvitnanir notaðar til þess að draga fram margvísleg litbrigði mannlífsins við Eyjafjörð á því ári. Það voru dagbækur Baldvins Bessa Gunnarssonar (1854-1923) í Höfða, Björns Árnasonar (1882-1967) í Pálsgerði og Péturs Ólafssonar (1869-1955) frá Hranastöðum sem notaðar voru í þessu skyni.




Frá sýningunni bæjarbragur: Í upphafi fullveldis

Á 100 ára afmæli fullveldisins 1. desember var opnuð sýningin Bæjarbragur: Í upphafi fullveldis, sem var samstarfsverkefni Amtsbókasafnsins, Héraðsskjalasafnsins og Minjasafnsins. Sýningin var liður í dagskrá afmælisnefndar aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands og naut styrks úr fullveldissjóði. Samanstóð sýningin af stækkuðum ljósmyndum frá Minjasafninu og textaspjöldum, sem unnin voru upp úr skjölum Héraðsskjalasafnsins og úr bókakosti Amtsbókasafnsins.



Frá vinstri Lára Ágústa Ólafsdóttir héraðsskjalavörður, Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri og Berglind Mari Valdimarsdóttir verkefnastjóri viðburða og kynningarmála á Amtsbókasafni. Ásthildur bæjarstjóri flutti ávarp og opnaði sýninguna Bæjarbragur: Í upphafi fullveldis.

Verkefni



Áfram var unnið að því verkefni að gera safnkost Héraðsskjalasafnsins aðgengilegan á vef safnsins enda hafði fengist til þess styrkur frá Þjóðskjalasafni Íslands, líkt og árin tvö á undan. Myndaðar voru hreppsækur úr sveitarfélögum á safnsvæðinu og voru það u.þ.b. 1800 myndir eða 3600 blaðsíður. Einnig voru mynduð manntöl frá Akureyri sem ná yfir árin 1902-1926. Það voru 48 bækur. Hvor tveggja er búið að birta á vefnum og er notendum aðgengilegt. Samtals er búið að mynda og birta á vefnum 27.838 myndir af skjölum, úr 161 bók og er það afrakstur síðustu 3ja ára.

Rekstraryfirlit 2018

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er rekið af Akureyrarbæ með framlögum frá hinum aðildarsveitarfélögum sem miðast við íbúafjölda hvers sveitarfélags 1. desember árið áður. Ríkissjóður styrkir safnið árlega og ákvarðast sú fjárhæð af fjárlögum hvers árs. Á árinu fékk safnið einnig verkefnastyrk frá Þjóðskjalasafni Íslands til skönnunar og miðlunar á safnefni.

Rekstrarkostnaður alls kr. 49.775.898.-

40	Tekjur - Framlag ríkissjóðs	855.000cr
40	Tekjur – Verkefnastyrkur Þjóðskjalasafns Íslands	3.300.000cr
40	Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar	5.152.231cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	20.816.176.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	1.943.012.-
54	Húsaleiga/lausafjárleiga Fasteignafélags Ak	24.082.713.-
54	Önnur þjónustukaup/ræsting	2.933.997.-

Akureyrarkaupstaður kr. 40.458.467.-

Afhendingar 2018 - yfirlit

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2018/1	Alþýðubandalagið á Akureyri	0,28	Jón Ingi Cæsarsson
2018/2	Kjördæmisráð Alþýðubandalagsins Norðurlandskjördæmi eystra	0,05	Jón Ingi Cæsarsson
2018/3	Jafnaðarmannafélag Eyjafjarðar	0,03	Jón Ingi Cæsarsson
2018/4	Akureyrarlistinn	0,03	Jón Ingi Cæsarsson
2018/5	Samfylkingin Akureyri	0,05	Jón Ingi Cæsarsson
2018/6	Sigurður Kristjánsson, Akureyri o.v.	0,03	Jón Ingi Cæsarsson
2018/7	Glerárskóli	13,6	Elín Dögg Guðjónsdóttir / Sesselja Sigurðardóttir
2018/8	Rafveitan	0,03	Minjasafnið á Akureyri / Haraldur Þór Egilsson
2018/9	Skátafélög á Akureyri	0,03	Hrefna Hjálmarsdóttir
2018/10	Barnastúkan Von nr 75	0,03	Elín Dögg Guðjónsdóttir / Sesselja Sigurðardóttir
2018/11	Akureyrarbær - bæjarskrifstofur	0,25	Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri
2018/12	Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi	0,03	Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri
2018/13	Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri	0,22	Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri
2018/14	Sundlaug Akureyrar	0,26	Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri
2018/15	Akureyrarbær - dagvistardeild - leikskóladeild	0,77	Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri
2018/16	Menntasmiðjan	0,44	Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri
2018/17	Akureyrarbær - húsnaðisdeild	32,59	Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri
2018/18	SÁÁ deild Norðurlands	0,08	Þorgerður Þorgilsdóttir
2018/19	Fríðrik Guðbjartsson, Erna Þorkelsdóttir og Alda Fríðriksdóttir, Akureyri	0,53	Erna Kristín Kristjánsdóttir
2018/20	Ungmennasamband Eyjafjarðar	2,96	Guðmundur Steindórsson
2018/21	Ungmennafélag Akureyrar (eldra)	0,05	Guðmundur Steindórsson
2018/22	Oddeyrarskóli	0,05	Elín Dögg Guðjónsdóttir / Sesselja Sigurðardóttir

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2018/23	Akureyrarbær - ípróttta- og tómstundamál, æskulýðsráð	0,03	Elín Dögg Guðjónsdóttir / Sesselja Sigurðardóttir
2018/24	Eining-lóða	0,08	Þorsteinn Arnórsson
2018/25	Passíukórinn	0,08	Elínborg Loftsdóttir
2018/26	Guðni Friðriksson og Anna Bergþórsdóttir, Akureyri	0,05	Jón Hjaltason
2018/27	Rótarýklúbbur Akureyrar	0,12	Soffía Gísladóttir
2018/28	Gerður Pálsdóttir og Friðrik Kristjánsson, Hrafnagili	0,37	Snæbjörn Friðriksson
2018/29	Anna Steindórsdóttir, Akureyri	0,13	Úlfar Hauksson
2018/30	Kolbrún Daníelsdóttir, Akureyri o.v.	0,03	Einar Magnússon héraðsskjalavörður Skógum
2018/31	Árni Jóhannesson, Akureyri	0,33	Jóhannes Árnason
2018/32	Jóhannes Örn Jónsson (Örn á Steðja)	0,23	Sigríður Ævarsdóttir
2018/33	Vinnustofur SÍBS í Kristnesi	0,05	Snæbjörn Friðriksson
2018/34	Kvennasamband Eyjafjarðar	0,37	Snæbjörn Friðriksson
2018/35	Lundarskóli	7,83	Elín Dögg Guðjónsdóttir / Sesselja Sigurðardóttir
2018/36	N4 ehf	25,78	María Björk Ingvadóttir
2018/37	Ally Aldís Lárusdóttir, Akureyri	0,3	Anna Richardsdóttir
2018/38	Vatnsveita Akureyrar	0,03	Norðurorka / Anna María Sigurðardóttir
2018/39	Anna Ólafsdóttir, Akureyri	0,16	Anna Ólafsdóttir
2018/40	Kristnitökunefnd Eyjafjarðarprófastsdæmis	0,03	Snæbjörn Friðriksson
2018/41	Hrafnagilshreppur	0,06	Snæbjörn Friðriksson
2018/42	Eiður Guðmundsson og Guðmundur Eiðsson, Þúfnavöllum	0,05	Sólveig Hrafnadóttir
2018/43	Oddeyrarskóli	6,47	Elín Dögg Guðjónsdóttir / Sesselja Sigurðardóttir
2018/44	Fjáreigendafélag Akureyrar	0,03	Jón Sigfússon
2018/45	Fjárræktarfélagið Akur	0,05	Jón Sigfússon
2018/46	Dagrún Kristjánsdóttir, Akureyri o.v.	0,05	Snæbjörn Friðriksson
2018/47	Jón Samúelsson, Akureyri o.v.	0,79	Jóhanna Jónsdóttir
2018/48	Skógræktarfélag Svalbarðsstrandar	0,16	Þóra Hjaltadóttir
2018/49	Garðar Arngrímsson, Gunnólfsvík o.v.	0,03	Aðalbjörg Sigmarsdóttir héraðsskjalavörður
2018/50	Anton Baldvin Finnsson, Akureyri	0,03	Ragnheiður Jakobsdóttir
2018/51	Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis	0,67	Halldóra B. Sævarsdóttir
2018/52	Amtsbókasafnið á Akureyri	0,08	Sigrún Ingimarsdóttir
2018/53	Soroptimistaklúbbur Akureyrar	0,22	Guðbjörg Inga Jósefsdóttir
2018/54	Steinþór Jóhannsson, Akureyri	0,26	Bryndís Steinþórsdóttir
2018/55	Gránuprent	0,03	Aðalbjörg Sigmarsdóttir héraðsskjalavörður
2018/56	Gústaf Adolf Njálsson, Akureyri	0,03	Halla Kristmunda Sigurðardóttir
2018/57	Ípróttabandalag Akureyrar	0,2	Þóra Leifsdóttir
2018/58	Arthur Gook og Sjónarhæðarsöfnuðurinn	0,83	Sigríður Svana Pétursdóttir
2018/59	Sigríður Svana Pétursdóttir, Reykjavík	0,2	Sigríður Svana Pétursdóttir
2018/60	Hermann Vilhjálmsson, Akureyri	0,03	Aðalbjörg Sigmarsdóttir héraðsskjalavörður
2018/61	Kolbrún Magnúsdóttir, Akureyri	0,05	Aðalbjörg Sigmarsdóttir héraðsskjalavörður
2018/62	Brunabótasjóður Glæsibæjarhrepps	0,12	Jarprúður Sveinsdóttir
2018/63	Hlutur hf, Grenivík	0,06	Bergvín Jóhannsson
2018/64	Félag aldraðra í Eyjafirði	0,03	Snæbjörn Friðriksson
2018/65	Húsmæðraskólinn Laugalandi	0,03	Snæbjörn Friðriksson
2018/66	Svava Kristjánsdóttir og Tryggvi Guðmundsson, Akureyri	0,03	Snæbjörn Friðriksson

Aðf.nr	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2018/67	Sigurður Indriðason, Akureyri	0,03	Minjasafnið á Akureyri / Hörður Geirsson
2018/68	Elínborg Jónsdóttir og Sigurður Sölvason, Akureyri	0,03	Minjasafnið á Akureyri / Hörður Geirsson
2018/69	María Jónína Sigurðardóttir, Akureyri	0,03	Minjasafnið á Akureyri / Hörður Geirsson
2018/70	Óskar S. Sigurgeirsson, Akureyri	0,03	Minjasafnið á Akureyri / Hörður Geirsson
2018/71	Rannveig Jósefsdóttir og Freyja Jóhannsdóttir, Akureyri	0,03	Minjasafnið á Akureyri / Hörður Geirsson
2018/72	Hollvinir Húna II	1,4	Þorsteinn Pétursson
2018/73	Líney Helgadóttir, Akureyri	0,27	Líney Helgadóttir
2018/74	Haraldur Sigurðsson, Akureyri	4,55	Þóra Leifsdóttir og Skafti Hallgrímsson
2018/75	Sameinuðu verkstæðin Mars	0,05	Þórður Vilhjálmsson
2018/76	Vélsmiðjan Oddi hf	0,05	Þórður Vilhjálmsson
2018/77	Árgangur 1938, Akureyri	0,03	Erla Halls
2018/78	Akureyrarbær - bæjarskrifstofur	9,2	Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri
2018/79	Saumastofan Hrönn	0,05	Ragna Pálsdóttir
2018/80	Fiskverkun G. Ben. sf., Árskógssandi	0,16	Áslaug Hildur Harðardóttir Tveiden
2018/81	Kvenfélagið Aldan-Voröld	0,03	Þóra Hjörleifsdóttir
2018/82	Hlíðarskóli	3,43	Bryndís Valgarðsdóttir / Kári Einarsson
2018/83	Kári S. Johansen, Akureyri	0,05	Gunnar Kárason
2018/84	Akureyrarbær – fjölskyldudeild - barnavernd og félagsþjónusta	3,63	Anna Bryndís Sigurðardóttir
	Hillumetrar alls	122,03	

© Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2019
Texti: Lára Ágústa Ólafsdóttir
Prófarkalestur: Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Vefútgáfa: <http://www.herak.is/um-safnid/arsskyrslur>